

henni við, enda má líka búast við, að Íslendingar mundu ekki veita henni eins mikla mótspyrnu og beinlínis tollálögum. Að síðustu skal þess getið, að ef farið er að á þenna hátt, er ekki loku fyrir skotið, að ekki mætti seinna koma á tollstjórn á Íslandi, þegar allt er komið í betra horf.

Að svo mæltu leyfum vör oss að biðja fjárstjórnina um, að skýra oss nákvæmar frá álitinu sínu, bæði um málefni þetta í heild sinni og sérílagi um þau atriði þess, sem vör höfum farið orðum um hér að framan.

1865.
18. janúar.

11. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til forngripasafns.

3. febrúar.

Útaf bænarskrá, sem hingað barst með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 27. nóvembermán. 1863, frá Jóni Árnasyni, bókaverði við stiptsbókasafnið á Íslandi, og Sigurði málara Guðmundssyni, um 300 ríkisdala styrk á ári til þess að koma á stofn forngripasafni á Íslandi, skýrði stjórnarráðið frá, að beiddendunum ekki að sinni yrði útvegaður styrkur sá, sem þeir sóktu um. Nú hefir stjórnarráðinu borizt beina leið bænarskrá frá hinum sömu mönnum, og hefir forstjóri hins konunglega forngripasafns ritað skýrslu sína á bænarskrána. Sækja þeir enn á ný um, að þeim verði veittur styrkur til áforms þess, sem um var getið.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að með því að fjárstjórnin, sem skrifazt hefir verið á við um málefni þetta, enn sem fyr hefir mælt á móti því, að styrkur sá, sem um er sókt, sé greiddur úr ríkissjóðnum, sér stjórnarráðið sér ekki fært að halda lengra út í þetta mál.